

Tillögur til lagabreytinga á aðalfundi 4. apríl 2024 frá Áslaugu J. Marinósdóttur

Varða tvær greinar laga **Leiðsagnar – Félags leiðsögumanna**, 6. grein og 9. grein

6. gr. Félagsgjöld

Var:

Félagar í Leiðsögn skulu greiða félagsgjald sem er ákveðinn hundraðshluti af öllum launum sínum fyrir störf sem falla undir kjarasamning félagsins eins og ákveðið er á aðalfundi.

Launagreiðendur draga þetta félagsgjald af launum leiðsögumanns í samræmi við ákvæði kjarasamninga og skila því til félagsins, en sjálfstætt starfandi standa skil á þeim gjöldum sjálfir. Skil til félagsins á félagsgjaldi og sjóðagjöldum skulu vera regluleg og í samræmi við greiðslur launa og verktakagreiðslna.

Sjálfstætt starfandi félagsmenn Leiðsagnar skulu greiða félagsgjald af launahluta þeirrar greiðslu sem þeir fá fyrir verktöku sína. Skal félagsgjaldið vera 0,5% af verktakagreiðslunni eins og hún er án kostnaðarliða annarra en launa og launatengdra gjalda (iðgjalda til sjóða Leiðsagnar og lífeyrissjóða og tryggingagjald).

Félagar í Leiðsögn skulu auk þess árlega greiða fast aðildargjald til félagsins. Fjárhæð aðildargjaldsins skal ákveðin á aðalfundi. Aðildargjald skal lækka um helming þegar félagsmaður nær 67 ára aldri. Nýir félagar í Leiðsögn eru undanþegnir greiðslu aðildargjalds fyrsta almanaksárið sem þeir greiða félagsgjöld sbr. 1. mgr.

Verði:

Félagar í Leiðsögn skulu greiða félagsgjald sem er 1,0% af öllum launum sínum fyrir störf sem falla undir kjarasamning félagsins (b.m.t. af launalið í verktakagreiðslum). Launagreiðendur draga þetta félagsgjald af launum leiðsögumanns í samræmi við ákvæði kjarasamninga og skila því til félagsins, en sjálfstætt starfandi standa skil á þeim gjöldum sjálfir. Skil til félagsins á félagsgjaldi og sjóðagjöldum skulu vera regluleg og í samræmi við greiðslur launa og verktakagreiðslur.

Sjálfstætt starfandi félagsmenn Leiðsagnar („verktakar“) skulu greiða félagsgjald af launahluta þeirrar greiðslu sem þeir fá fyrir verktöku sína. Skal félagsgjaldið vera 1,0% af launalið verktakagreiðslunnar eins og hún er án kostnaðarliða annarra en launa og launatengdra gjalda (iðgjalda til sjóða Leiðsagnar og lífeyrissjóða og tryggingagjald).

Félagar í Leiðsögn skulu auk þess árlega greiða fast aðildargjald til félagsins. Fjárhæð aðildargjaldsins skal ákveðin á aðalfundi. Aðildargjald skal lækka um helming þegar félagsmaður nær 67 ára aldri. Nýir félagar í Leiðsögn eru undanþegnir greiðslu fasts aðildargjalds fyrsta almanaksárið sem þeir greiða félagsgjöld.

Viðbót við a-lið 9. gr.

Þeir einir eru kjörgengir til setu í stjórn félagsins sem í árslok á undanliðnu ári höfðu að lágmarki greitt til félagsins félagsgjald **af launum** við leiðsögn (1% af launum) sem svarar til lágsta taxta félagsins fyrir **tveggja** mánaða dagvinnu á **því undanliðna almanaksári**.

Þeir einir eru kjörgengir til formanns félagsins sem í árslok á undanliðnu ári höfðu að lágmarki greitt til félagsins félagsgjald **af launum** við leiðsögn (1% af launum) sem svarar til lágsta taxta félagsins fyrir **fjögurra** mánaða dagvinnu á **undanliðnum tveimur** almanaksárum, þ.a. minnst **tvo** mánuði **hvort ár**.

Þeim sem sitja í **stjórn félagsins** ber að greiða 1% félagsgjald til félagsins af öllum launum sínum fyrir störf við leiðsögn (óháð því hvort þeir þiggja laun fyrir leiðsögnina sem launþegar eða eru sjálfstætt starfandi / „verktakar“) í það minnsta meðan þeir sinna trúnaðarstörfum fyrir félagið.

Ekki dugar **fast árlegt** aðildargjald til kjörgengis í stjórn félagsins (þ.m.t. til formanns) en það veitir kjörgengi í önnur embætti og trúnaðarstörf fyrir félagið.

